

tunnur af kornmat sama haustið til Akureyrar til útbýtingar meðal bágstöddustu hreppanna, og til vara, ef að þetta fengist ekki án lögsóknar, að sér þá verði veitt gjafsókn til að lögsækja ofan nefnda kaupmenn. 1869.  
23. febrúar.

Um leið og yður eru send aptur 6 fylgiskjöl, skal yður til vitundar gefið um þetta efni yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðinu ekki þykir neitt tilefni til að taka bænarskrá þessa til greina, hvorki aðalatriði hennar né vara-atríði.

### 9. Bréf domsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um áritanir á konungleg ríkisskuldabréf. 25. febrúar.

Fjárstjórnardeild ríkisskulda- og eptirlaunamálanna hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að þér, herra kanselliráð, hafið farið þess á leit í bréfi dagsettu 1 desembermán. f. á., — — — — — að, þar eð það sé svo miklum kostnaði, áhættu og erfiðleikum bundið að senda ríkisskuldabréfin hingað til þess að skrá þau í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar, þá yrði leyft í þetta eina skipti, að bæði þessi ríkisskuldabréf og tvö önnur, sem eru nákvæmar tiltekin í skjali frá nótaríus, er fylgdi bréfi yðar, og þar sem lýst er yfir, að á nokkur af þessum 5 ríkisskuldabréfum sé ritað, að þau sé eign sjúkrahússins í Reykjavík, og hin sé afsöluð því, verði rituð í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar sem eign tæðs sjúkrahúss.

Samkvæmt tilmælum ofan nefndrar stjórnardeildar — — — — — skal yður til vitundar gefið, herra kanselliráð, að fjárstjórnin sér sér ekki fært að verða við tilmælum yðar um að láta skrá þessi 5 ríkisskuldabréf í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar sem eign sjúkrahússins í Reykjavík, þar eð ekkert verður ritað í bækurnar um ríkisskuldabréf, nema því að eins að embættismenn þeir, sem sá starfi er falinn á hendur, hafi á undan rannsakað, að ríkisskuldabréfin sé ófölsuð, og að áritanirnar á þau sé gildar, og að þessir embættismenn

1869. riti á skuldabréfin sjálf vottorð um, að þau hafi verið skráð í  
25. febrúar. bækurnar.

25. febrúar. **10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstöfun fjár þess, sem veitt er úr ríkissjóði til póstferða á Íslandi.**

Samkvæmt áskorun stjórnarráðsins hafð þér, herra stiptamtmaður — er þér áður hafð skrifast á við hina amtmennina — í bréfi dagsettu 10. desembermán. f. á. skýrt frá álitu yðar um, hvernig fè því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt er á ári hverju í fjárhagslögunum til póstferðanna á Íslandi, yrði fyrst um sinn, þangað til komið verður í kring betra skipulagi á póstgöngunum á Íslandi, sem svo lengi hefir verið í undirbúningi, skipt svo niður milli allra þriggja amtanna, að þar við ynnist það fè, sem með þyrfti til að fjölga póstgöngunum í vesturamtinu. Um þetta efni hafð þér stungið uppá, að ofan nefndri upphæð verði fyrst um sinn skipt niður milli amtanna á þann hátt, að suðuramtið fái 225 rd. á ári, vesturamtið 375 rd. og norður- og austuramtið 400 rd., að amtmönnunum verði þar að auki veitt heimild til að leggja til úr jafnaðarsjóðunum það sem á kynni að vanta, að upphæðin, sem ætluð er hverju amti um sig, hrökkvi til útgjalda þess til póstganganna á hverju ári, eða til vara, að amtmönnunum verði boðið að bera upp hver fyrir sitt amt uppástungu um, að það, sem þannig kynni að á vanta, yrði veitt með fjáráukaveitingu, og að endingu að þessu skipulagi verði komið á frá 1. aprílmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hér með á, að upphæð þeirri, sem veitt er á ári hverju til póstganganna á Íslandi, verði frá byrjun næsta fjárhagsárs skipt niður á milli allra þriggja amtanna á þann hátt, sem þér hafð stungið uppá, herra stiptamtmaður, og treystir stjórnarráðið því, að amtmennirnir, hver fyrir sitt amt, láti sér annt um, eins og verða má, að upphæð sú, sem hverju amti þannig er ætluð, hrökkvi til. En skyldi sú raunin